



Jóla FRÉTTABRÉF BSSL

EFNI BRÉFSINS:

Staðan í
mjólkurframleiðslunni 1

Nautakjötsframleiðsla
fer vaxandi 1

Af hauststarfinu í
sauðfjárrækt 2

Hæst dæmdu
lambhrútar 2006 4

Hæst dæmdu veturgömlu
hrútar 2006 5

Kjarnfóður hefur hækkað
umfram verðlag 6

Hrossaræktin -
skýrsluskil o.fl. 6

Námskeið á Suðurlandi
vorönn 2007 8

Minna um aðilaskipti
greiðslumarks 10

Staðan í mjólkurframleiðslunni

Góður gangur er í mjólkurframleiðslunni á Suðurlandi það sem af er verðlagsárinu, frá upphafi verðlagsársins er meðal- aukning á svæði MS-Selfossi til og með viku 49 um 13,3% prósent en dregið hefur úr þeirri aukningu síðustu vikur miðað við sambærilegar vikur síðasta árs. Ljóst er að þeir bændur sem hafa möguleika á á framleiðslu umfram sitt greiðslumark munu fá greitt verulegar upphæðir fyrir þá framleiðslu. Þegar hefur verið ákveðið að greiða fullt afurðastöðvaverð fyrir allt að þremur milljónum lítra umfram heildargreiðslumark sem er 116 milljónir lítra. Rétt er að vekja athygli á því að C-hluti bein- greiðslna kemur á alla framleidda mjólk í júlí og ágúst, óháð því hvort hún er innan greiðslumarks eða ekki. Miðað við reynslu síðasta verðlagsárs þá má reikna með að C-greiðsla verði ca. 6-7 kr/l í júlí og 11-12 kr/l í ágúst. Auk þess munu ónýttar aðrar beingreiðslur færast til þeirra sem framleiða umfram greiðslumarkið eins og reglugerð kveður á um. Miðað við reynslu síðasta verðlagsárs þá má búast við svipuðum eða jafnvel enn meiri greiðslum til þeirra sem framleiða umfram mjólk þetta verðlagsár.

Runólfur Sigursveinsson.

Nautakjötsframleiðsla fer vaxandi

Umtalsverð aukning varð á framleiðslu nautakjöts í nóvembermánuði síðast liðnum, miðað við sama mánuð í fyrra eða 13,4%. Framleiðsla nóvember- mánaðar nam alls 373 tonnum. Ef tekið er mið af aðstæðum á markaði og innflutningi á nautakjöti er þó svigrúm til þess að taka við þessari aukningu. Þessar tölur koma engan veginn á óvart þar sem ásetningur nautkálfa til kjöttframleiðslu hefur aukist undanfarin tvö til þrjú ár. Á Suðurlandi jókst ásetningur nautkálfa um 24% milli 2004 og 2005 en þá voru settir 2.231 nautkálfur á búum í skýrsluhaldi miðað við 1.795 árið 2004. Einkum og sér í lagi hefur ásetningur verið að aukast á austurhluta svæðisins, þ.e. Rangárvalla- og V-Skaftafells- sýslum.

Opnunartími milli jóla og nýárs

Skrifstofa Búnaðarsambandsins verður opin milli jóla og nýárs frá og með mið- vikudeginum 27. desember til og með föstudagsins 29. desember. Opnað verður á nýju ári þriðjudaginn 2. janúar 2007. Opnunartími er frá kl. 8.00 til kl. 16.00.



Af hauststarfinu í sauðfjárrækt 2006

Hrútasýningar 2006

Hauststörfin í sauðfjárræktinni gengu vel fyrir sig þetta haustið og var lokið að mestu í byrjun nóvember. Lambaskoðanir hófust í lok ágúst og skipulagðar sýningar hófust 14. september. Gimbraskoðanir og afkvæmarannsóknir hrúta fóru fram samhliða hrútaskoðunum eftir því sem bændur óskuðu eftir og tími leyfði. Líkt og síðastliðið haust sá Búnaðarsamband Suðurlands um skipulagningu sýninga í Austur-Skaftafellssýslu. Að dómsstörfum komu Ágúst Ingi Ketilsson, Guðmundur Jóhannesson, Grétar Már Þorkelsson, Halla Eygló Sveinsdóttir, Haukur Bjarnason, Jón Viðar Jónmundsson, Óðinn Örn Jóhannsson og Pórey Bjarnadóttir. Starfsmenn komu mismikið að störfum og að staðaldri voru fimm starfsmenn á ferðinni. Sólrún Ólafsdóttir sá um skráningar á dómum í tölvu og aðstoðaði við úrvinnslu. Fulldæmdir voru 2.888 lambhrútar, 685 veturgamlir hrútar og á milli 9.500 – 10.000 gimbrar. Þetta eru aðeins hærri tölur en í fyrra.

Fjórir sauðfjárræktarfundir voru haldnir 22. og 23. nóvember og var mæting góð, um 170 manns mættu. Á fundunum var farið yfir niðurstöður hrútasýninganna, stöðu Sauðfjársæðingastöðvarinnar auk þess sem hrútakostur stöðvarinnar var kynntur. Jón Viðar fór yfir nýtt efni um þróun í ræktun kjötmatseiginleika og afurðaeiginleika ána. Endað var á verðlaunaveitingum. Verðlaunum fyrir BLUP kynbótamat hjá eldri hrútum var frestað þangað til á fræðslufundunum í mars. Á fundi sauðfjárræktarnefndar Búnaðarsambands Suðurlands 10. ágúst 2006 voru samþykktar tvær nýjar tillögur til verðlaunaveitinga. Ákveðið var að verðlauna 3 hæst dæmdu veturgömlu hrútana í hverri sýslu og að



Frá fundinum á Smyrlabjörgum. Fundarmenn hlýða á fyrirlestur um hauststarfið.

verðlauna 10 efstu búin í hverri sýslu fyrir lambhrúta í stað 10 efstu lambhrútana, eins og hefur verið gert. Lambhrútunum var þá fyrst raðað eftir samanlögðum stigum fyrir bak, malir og læri (BML). Ef lambhrútarnir voru þá jafnir var raðað eftir heildarstigum og síðan raðað eftir ómvöðva ef lambhrútar voru jafnir fyrir BML og heildarstig. Hálfst stig var dregið af BML hjá hrútum sem gengu einir undir móður sinni. Það bú sem átti efsta lambhrútinn var í fyrsta sæti, síðan voru listaðir upp hrútar frá þessum bæ sem voru innan næstu níu búa. Búið fékk aðeins einn verðlaunaplatta ásamt viðurkenningarskjali með lambhrútum þessa bús innan næstu níu búa. Bú í öðru sæti átti næsta lambhrút á eftir búi númer eitt og síðan voru listaðir upp hrútar frá þessum bæ innan næstu átta búa. Þetta hélt svo áfram svona þangað til tíu bú voru fundin. Með þessu fyrirkomulagi er hægt að verðlauna fleiri góða lambhrúta og yfirleitt fleiri góð bú heldur en hefur verið gert.

Veturgamlir hrútar

Alls voru dæmdir 685 veturgamlir hrútar í sýslunum fjórum, sem er 8 hrútum fleira en haustið 2005. Mestur fjöldi dæmdra hrúta var í Hrunamannahreppi (70), Skaftártungu (46) og Holta- og Landmannahreppi (45). Meginparturinn af hrútunum fór í 1A verðlaun eða 98%. Vænleiki hrúta var að meðaltali 81,2 kg sem er heldur minni en haustið 2005, sem var þá 84,1 kg. Af þessum 685 hrútum voru 382 undan sæðingahrútum (56%), 320 undan þeim hyrndu og 62 undan þeim kollóttu. Þetta er heldur lægra hlutfall en var haustið 2005, en þá voru 65% allra dæmdra veturgamla hrúta undan sæðingahrútum. Af hyrndu hrútunum átti Lóði flesta syni 55, Frosti 53, Týr 31 og Áll 25. Af kollóttu hrútunum átti Langidalur flesta syni 18 og Glæsir 13. Hylur var að jafnaði að koma sterkastur út af sæðingahrútunum, en fast á hæla hans komu Lómur og Áll.

Í Austur-Skaftafellssýslu komu allir þrír hæst dæmdu veturgömlu hrútarnir frá Fornustekku. Efstur var Frami 05-195 undan Gimsteini 03-183 sem er sonarsonur Áls 00-868. Í Vestur-Skaftafellssýslu var hæst dæmdu veturgamli hrúturinn 05-112 frá Prestsbakka sem er sonar-



Frá fundinum á Hótel Kirkjubæjarklaustri. Hrútaskráin gleður alltaf jafn mikið, talið f.v.: Stefán í Pykkvabæ III, Jóhannes Ingi í Snæbýli I, Sigursveinn á Lyngum, Einar Guðni á Ytri-Sólheimum, Ólafur á Giljum, Hjalti í Mörk, Harpa og Jóhannes á Herjólfstöðum 1, Jón Reynir á Efri-Steinsmýri og Margrét í Mörk.



Frá fundinum í Þingborg. Þarna má sjá, talið f.v.: Halldór í Stíflisdal, Trausta á Langsstöðum, Ingvar í Fjalli, Bjarna í Háholti, Ragnar á Brúastöðum, Stefán í Gerðum o.fl.

sonur Áls 00-868. Í Rangárvallasýslu var stigahæsti hrúturinn Slóði 05-036 frá Teigi II undan Lóða 00-871. Í Árnessýslu komu þrír stigahæstu hrútarnir frá Oddgeirshólum. Efstur var Leynir 05-014 frá Oddgeirshólum 4 undan Bikar 04-010 sem er sonur Dreitils 00-891. Stigahæstu veturgömlu hrútunum var fyrst raðað eftir samanlögðum stigum fyrir bak, malir og læri, þá heildarstigum og síðan bakvöðvabykkt. Á fræðslufundunum sem haldnir verða í mars/apríl n.k. verða stigahæstu veturgömlu hrútarnir verðlaunaðir eftir útkomu fyrir sláturlömb. Sauðfjárnæmdur eru því hvattir til að skila fjárbókum ekki seinna en í lok janúar til að búið verði að gera upp búið þegar farið verður að vinna úr sláturgögnum vegna verðlaunaveitingarinnar.

Lambhrútar

Skoðaðir voru 2.888 lambhrútar í sýslunum fjórum. Þar af voru 193 hrútar dæmdir á Ytri-Skógum og 150 hrútar á Borgarfelli vegna afkvæmarannsóknar fyrir Sauðfjársæðingastöð Suðurlands. Mikið úrval var af góðum hrúts-efnum og margir sæðingahrútar að gefa góð hrútsefni. Af þessum 2.888 lambhrútum voru 1.391 undan sæðinga-hrútum. Lómur átti flesta syni af hyrndu hrútunum 176,



Hinn mikli áhugamaður um sauðfjárrækt Sigurfinnur á Tóftum, tekur við verðlaunum fyrir lambhrúta.

þar á eftir komu Hylur 132, Mímir 113 og Mangó 95. Af kollóttu sæðinga-hrútunum átti Partur flesta syni eða 61, síðan komu Kútur 51 og Hnokki 36. Eins og fram hefur komið voru stigahæstu lambhrútarnir fyrir samanlögð stig fyrir bak, malir og læri (BML) verðlaunaðir.

Í sýslunum fjórum voru 153 lambhrútar með 36 stig eða meira fyrir BML og er það mikill fjöldi hátt stigaðra lambhrúta. Af þeim voru 63 undan sæðingahrútum (41%), sem er lægra hlutfall en var haustið 2005 (56%). Því er mikið af öflugum heima-hrútum sem skila góðum hrúts-efnum þetta haustið. Margir sæðingahrútar áttu 1-3 syni í þessum hópi en flesta syni átti Lómur 19, þá komu Hesthrútarnir Hylur, Mímir og Bramli með 7 hrúta hver.

Í Austur-Skaftafellssýslu áttu Fornustekkar efsta lambhrútinn, 581B undan Kulda 03-924. Fornustekkar áttu að auki 9 hrúta sem fengu viður-kenningu. Í Vestur-Skaftafellssýslu var efsti lambhrúturinn 77B frá Herjólfstöðum 1 undan Pytt 04-068 Hylssyni 01-883, 77A deildi sætinu með bróður sínum. Í Rangárvallasýslu stóð Skarð efst með lambhrútinn 174 undan Mími 04-951 og áttu þau tvo hrúta í fyrsta sætinu. Í Árnessýslu stóðu Langsstaðir efstir með lambhrútinn 56 undan Sævari 04-095.

Það verður spennandi að sjá hvernig stigahæstu lambhrútarnir munu reynast í ræktunarstarfinu.

Að lokum vilja starfsmenn Búnaðarsambandsins sem komu að hauststarfinu þakka bændum fyrir gott samstarf í haust, en vilja einnig minna þá á að betra er að gefa upp hærri tölu en lægri í lambafjölda þegar pantað er.

Hægt er að nálgast allar töflur sem dreift var á fundinum á heimasíðu Búnaðarsambandsins www.bssl.is eða að fá blöðin send í pósti með því að hringja í 480 1800.

Sauðfjárræktarráðunautar Bssl.



Frá fundinum á Heimalandi. Verðlaunahafar, talið f.v.: Hermann í Raftholti, Guðgeir á Brú, Tómas á Teigi, Jens á Teigi, Viðar á Kaldbak, Erlendur í Skarði, Vignir í Hemlu, Guðlaugur í Lækjarbotnum og Sigurður í Skógum.

Hæst dæmdu lambhrútar 2006



581B frá Fornustekjum f. Kuldi 03-924.

Austur-Skaftafellssýsla

Sæti	Nafn býlis	Númer	Faðir	Kuldi	Stig	BML
1	Fornustekkar	581B	03-924	Kuldi	87,0	37,5
		129A	02-102	Kristall	85,0	37,0
		203A	04-214	Freyr	85,5	36,5
		19D	03-946	Busi	84,5	36,5
		774A	01-883	Hylur	84,5	36,5
		649A	01-912	Úði	85,0	36,0
		105A	02-353	Bjartur	85,0	36,0
		773A	03-924	Kuldi	85,0	36,0
		707B	02-102	Kristall	85,0	35,5
		623A	03-924	Kuldi	85,0	35,5
2	Holtahólar	29	02-923	Lómur	87,0	36,5
3	Brekka	110	04-519	Dári	86,0	36,5
		343	05-528	-	85,0	36,0
		256	05-526	-	85,0	35,5
4	Hnappavellir V	97	00-926	Toppur	85,5	36,5
5	Jaðar	338	04-608	Tími	85,0	36,5
6	Svínafell II Á&H	237	02-472	Fjölur	86,0	36,0
		187	03-946	Busi	85,0	36,0
		293	02-929	Týr	85,0	36,0
		291	00-882	Moli	84,5	36,0
		103	04-951	Mímir	85,0	35,5
		215	02-923	Lómur	84,5	35,5
7	Bjarnanes	493A	01-883	Hylur	86,0	36,0
		573A	02-943	Kjalvar	85,0	36,0
8	Hólabrekka	44	01-883	Hylur	85,5	36,0
		43	01-883	Hylur	86,5	35,5
9	Nýpugarðar	51	02-923	Lómur	85,0	35,5
10	Ártún	344	05-305	Glói	84,5	35,5



77B frá Herjólsstöðum 1 f. Pyttur 04-068.

Vestur-Skaftafellssýsla

Sæti	Nafn býlis	Númer	Faðir	Pyttur	Stig	BML
1	Herjólsstaðir 1	77B	04-068	Pyttur	87,0	37,0
		77A	04-068	Pyttur	84,0	36,0

2	Úthlið	1977	05-231	Spaði	86,5	37,0
		1132	03-085	Lopi	86,0	37,0
3	Borgarfell	9492	04-176	Fáni	86,0	37,0
		2571	05-250	Háski	86,0	36,5
		3712	03-937	Kútur	86,5	36,0
		3162	05-249	Hvellur	86,0	36,0
		3452	05-252	Lundi	86,0	36,0
		4411	05-249	Hvellur	85,5	36,0
		2111	05-250	Háski	85,5	36,0
		2352	05-249	Hvellur	85,5	36,0
		1371	04-182	Hlekkur	85,0	36,0
		3161	05-249	Hvellur	84,5	36,0
		2351	05-249	Hvellur	84,5	36,0
		1561	04-179	Fleygur	86,0	35,5
		1502	04-182	Hlekkur	85,5	35,5
4	Ásgarður	2241	03-937	Kútur	87,0	36,0
		1311	04-175	Hnoðri	86,0	36,0
5	Þykkvibær III HJ 779B		04-431	Reyr	86,0	36,0
6	Þykkvibær III SJ 771		02-923	Lómur	85,5	36,0
7	Giljur	1351	03-937	Kútur	85,0	36,0
		1429	05-252	-	85,0	36,0
8	Búland	7742	04-210	Máni	85,0	36,0
9	Mörk 106	00-926	Toppur	85,0	36,0	
10	Snæbýli I	2728	04-151	Roði	85,0	35,5



174 frá Skarði f. Mímir 04-951.

Rangárvallasýsla

Sæti	Nafn býlis	Númer	Faðir	Mímir	Stig	BML
1	Skarð	174	04-951	Mímir	87,5	37,5
		129	02-923	Lómur	85,0	36,5
2	Skiðbakki 1	19	04-030	Máni	87,0	37,5
3	Hemla	69	01-883	Hylur	88,0	37,0
4	Lækjarbotnar	592	05-045	Valur	87,0	37,0
5	Kaldbakur	9	03-111	Trefill	87,0	36,5
		73	04-951	Mímir	85,5	36,5
		255	03-111	Trefill	85,5	36,5
6	Austvaðsholt JB 5059		04-951	Mímir	87,0	36,5
7	Brú	354	03-948	Mangó	85,5	36,5
8	Ytri-Skógar	71	02-923	Lómur	85,5	36,5
		45	04-248	Brimill	85,5	36,5
		121	04-249	Spretu	85,0	36,5
9	Raffholt	6109	02-923	Lómur	85,0	36,5
10	Austvaðsholt HB 3039		05-180	Pakki	84,5	36,5



56 frá Langsstöðum f. Sævar 04-095.



05-112 frá Prestbakka f. 02-102.

Árnessýsla

Sæti	Nafn býlis	Númer	Faðir	Stig	BML
1	Langsstaðir	56	04-095 Sævar	87,5	37,5
2	Þverspyrna	51	05-361 Sopi	87,0	37,5
		55	05-361 Sopi	86,5	36,5
3	Ósabakki II	233	- Köttur	87,0	37,5
4	Þóroddsstaðir	155	02-942 Oddur	87,0	37,5
5	Brúnastaðir	67	05-082 Stúfur	87,0	37,0
		82	04-952 Bramli	86,5	37,0
		65	05-084 Skjöldur	87,0	36,5
6	Sandgerði 4	13	03-212 Roði	86,5	37,0
7	Oddgeirshólar 1	9	02-923 Lómur	86,0	37,0
8	Oddgeirshólar 4	434	04-010 Bikar	85,0	37,0
9	Tóftir	12	04-032 Bylur	87,0	36,5
		11	04-032 Bylur	86,5	36,5
		23	05-036	86,5	36,5
10	Hurðarbak	655	04-134 Dímon	86,0	36,5



05-036 Slóði frá Teigi f. 00-871 Lóði

Rangárvallasýsla

Sæti	Númer	Nafn	Nafn býlis	Faðir	Stig	BML
1	05-036	Slóði	Teigur II	00-871 Lóði	87,5	38,0
2	05-400	Haki	Teigur I	01-883 Hylur	87,0	37,5
3	05-141	Pakki	Raftholt	03-128 Stjóri	87,5	37,0



Frami 05-195 frá Fornustekkom f. Gimsteinn 03-183.

Hæst dæmdu veturgömlu hrútar 2006

Austur-Skaftafellssýsla

Sæti	Númer	Nafn	Nafn býlis	Faðir	Stig	BML
1	05-195	Frami	Fornustekkar	03-183 Gimsteinn	86,5	37,5
2	05-135	Forseti	Fornustekkar	02-913 Frosti	86,0	37,5
3	05-145	Ýmir	Fornustekkar	03-213 Fjári	85,0	36,5



Leynir 05-014 frá Oddgeirshólum 4 f. Bikar 04-010.

Vestur-Skaftafellssýsla

Sæti	Númer	Nafn	Nafn býlis	Faðir	Stig	BML
1	05-112	-	Prestsbakki	02-102 -	85,5	37,0
2	05-411	Hanni	Þykkvibær III	02-913 Frosti	86,5	36,5
3	05-363	-	Þórisholt	00-868 Áll	86,0	36,5


Árnessýsla

Sæti	Númer	Nafn	Nafn býlis	Faðir	Stig	BML
1	05-014	Leynir	Oddgeirshólar 4	04-010 Bikar	88,0	39,0
2	05-017	Loki	Oddgeirshólar 1	04-010 Bikar	87,5	38,0
3	05-015	Safi	Oddgeirshólar 4	04-008 Blámi	87,0	37,5

Kjarnfóður hefur hækkað umfram verðlag undanfarið

Í byrjun desember hækkuðu tveir stærstu fódursalar hérlandis verð sín á kjarnfóðri og því er eðlilegt að menn velti fyrir sér hver þróunin hefur verið á kjarnfóðurverði undanfarin ár. Samkvæmt þeim tölum sem birtar hafa verið undanfarin ár vef Landssambands kúabænda yfir kjarnfóðurverð hefur verð á kjarnfóðri hækkað mikið síðustu mánuði.

Frá því í september 2005 hefur kjarnfóður hækkað um 12,3% miðað við fast verðlag. Á sama tíma hefur vísitala neysluverðs hækkað um 7,8% en verð á mjólk til bænda hefur lækkað um 0,3% á föstu verðlagi. Það er því ljóst að um raunhækkunar á kjarnfóðri hefur verið að ræða sem veldur kostnaðarauka í mjólkurframleiðslunni á sama tíma og tekjur fara lækkanði að raungildi. Tekið skal fram að miðað er við hagstæðustu kjör á kjarnfóðri, þ.e. með magn- og staðgreiðsluafsláttum. Sé litið til lengra tímabils eins og gert er á meðfylgjandi mynd kemur fram að kjarnfóður hefur hækkað um 6% umfram hækkunar á vísitölu neysluverðs frá því í




desember 2002. Á sama tíma hefur mjólkurverð til bænda ekki haldið í við hækkunar á vísitölu neysluverðs og er nú 4% lægra en það var í desember 2002 sé miðað við fast verðlag.

Af þessu má sjá að framleiðslukostnaður mjólkur fer nú hækkanði á sama tíma og afurðaverð lækkar heldur. Síðustu 12 mánuði hefur þróunin verið mjólkurframleiðendum óhagstæð, sérstaklega ef horft er til næstu 12 mánuða þar á undan þegar að kjarnfóðurverð fór lækkanði miðað við vísitölu neysluverðs.

Hrossaræktin – skýrsluskil o.fl.

Senn líður að áramótum og því rétt að minna ræktendur á að skila inn folalda-, afdrifa- og stóðhestaskýrslum. Folöldin sem fæddust í vor munu verða þau síðustu sem fá A-vottun eftir því kerfi sem hefur verið við líði síðan hún var tekin upp. Fagráð í hrossarækt hefur ákveðið að frá og með næsta hausti, þ.e. 2007, fái aðeins þau hross A-vottun sem hafa sannað ætterni með DNA-greiningu. Síðast liðinn vetur voru tekin DNA-sýni úr liðlega 1.400 hrossum á starfssvæði Búnaðarsambands Suðurlands. Þau hafa öll verið greind hjá Prokaria nú þegar og í haust var aftur farið af stað með DNA-sýnatöku en þau sýni hafa enn ekki verið greind. Í samtali við Sigríði Hjörleifsdóttur hjá Prokaria nú í vikunni reiknaði hún með að hækkun á greiningum yrði 8% eftir áramótin eða úr 1.850 kr í 2.000 kr á sýni (sýnaglas er innifalið í þeirri upphæð).

Af árgangi 2005 er búið að skráð 2.419 lifandi folöld á Suðurlandi en samkvæmt forðagæsluskýrslu það sama ár voru sett á 2.682 folöld. Þannig hafa 90% ásettra folalda nú þegar verið skráð í Worldfeng. Þátttaka í kybótasýningum sem haldnar voru á vegum BSSL var góð og voru samtals 1.054 hross dæmd. Þess má geta að alls voru dæmd 1.418 hross á landinu öllu ef LM2006 er ekki talið með. Þannig voru 74% allra dæmdra hrossa á árinu sýnd á starfssvæði BSSL. Á Sörlostöðum voru sýnd 231 hross, í Glæðheimum 243 hross og á Gaddstaðflötum 580 hross. Á næsta ári hefur verið ákveðið að bæta einni sýningu við á starfs-



svæði BSSL og verður hún á Selfossi ef aðstaða verður í lagi og þátttaka nægileg. Að lokum óska ég bændum og búaliði gleðilegra jóla og farsæls nýs árs.

**Jóla Sveinsdóttir,
Halla Eygló Sveinsdóttir**

Sprettur ÁBURÐUR

fjölkorna áburður

Taktu sprettinn...!

Ekkert ryk - meiri gæði - betri spretta

Áburðartegund	N	P	K	Ca	Mg	S
Sprettur 27%N	27			4.3	2.4	
Sprettur 26-13	26	5.7		1.3	0.7	2.5
Sprettur 26-7	26	3.1		2.6	1.4	2.5
Sprettur 24-9-8	24	3.9	6.6	0.3	0.2	2.5
Nýtt Sprettur 22-7-6	22	3	5	2.8	1.6	2.6
Sprettur 21-7-10	21	3.1	8.3	2.1	1.2	2.5
Sprettur 20-12-8	20	5.2	6.6	2.3	1.5	2.5
Sprettur 20-12-8+Se	20	5.2	6.6	2.3	1.5	2.5
Sprettur 20-10-10	20	4.4	8.3	2.4	1.4	2.5
Sprettur 16-15-12	16	6.5	10	1.9	1	2.5
MAP	12	23				2.4
Sprettur 12-15-20	12	6.5	16.6	1.4	0.7	7.9
Sprettur 10-20-20	10	8.7	16.6	0.6	0.2	2.5

Reynsla, rannsóknir...traust

Útsöluaðilar:



Suðurland



Norðvesturland



Norðurland

Norðausturland

Önnur svæði



Lúðvík Bergmann
Stórólfsvöllum
860 Hvolsvelli
s: 487 8888
gsm: 896 9980
bu@bu.is



Bændabjónustan
Eymundur Þórarinnsson
Saurbæ, Skagafirði
s: 892 8012
saurbaer@simnet.is



Skeljungur Akureyri
Porgils Sævarsson
s: 444 3160
gsm: 840 3162
duddi@skeljungur.is



Hallgrímur Hallsson
s: 464 1067
gsm: 893 4094
hallgrimurh@simnet.is



Skeljungur hf.
Guðmundur Björnsson
s: 444 3000, gsm: 840 3061
skeljungur@skeljungur.is

Eldsneyti, smuroliur og
aðrar rekstravörur
á hagstæðum kjörum.
Kynntu þér málið !

www.skeljungur.is



Shell umboð

Námskeið á Suðurlandi - vorönn 2007

Eftirfarandi námskeið á vegum Endurmenntunardeildar Lbhl er búið að tímasetja hér á Suðurlandi á vorönn 2007. Þá er að finna hér neðar lista yfir farandnámskeið en þeim er hægt að koma með stuttum fyrirvara ef áhugi er á og þátttaka nægjanleg.

„Við viljum vallarfoxgras!“

Ræktun vallarfoxgrass - verkun og nýting.

Vallarfoxgras er tiltölulega nýleg innflutt fóðurjurt sem varð fljótt, með tilkomu harðgerðra stofna, meðal algengustu túngrasa. Með vaxandi endurræktun á undanförunum árum hefur hlutur vallarfoxgrass í túnnum stóraukist því að það er nánast einrátt á fræmarkaði og því er annað hvort sáð hreinu eða sem ríkjandi tegund í grasfræblöndum fyrir túnrækt. Vallarfoxgras er óumdeilanlega mikilvægasta fóðurjurt sem ræktuð er á Íslandi í dag og er það ekki að ástæðulausu. Færð hafa verið rök fyrir því að vallarfoxgras eigi stóran þátt í ört vaxandi afurðastigi mjólkurkúa á undanförunum árum. Þá er einnig vaxandi áhugi á vallarfoxgrashevi fyrir hesta.

Námskeiðið er ætlað bændum og verktökum sem rækta eða hafa áhuga á að rækta vallarfoxgras, einnig einstaklingum sem auka vilja þekkingu sína á þessu merkilega fóðurgrasi.

Á námskeiðinu verður lýst sérkennum og eiginleikum vallarfoxgrass sem fóðurjurtar. Fjallað verður um þýðingu yrkja (stofna) m.t.t. uppskeruvætinga og endingar og farið yfir það hvernig best er að standa að ræktun þess, s.s. jarðvinnslu, sáðaðferðum, áburður, o.fl.. Farið verður einnig í nýtingu vallarfoxgrass til beitar og sláttar og um verkun þess til þess að ná eftirsóttum fódurgæðum!

Umsjón og kennsla: Þóroddur Sveinsson, Lbhl

Tími: Mán. 12. feb. kl.10:30-15:00 (5 kennslustundir), Þingborg í Flóa. Skráningar þurfa að berast fyrir 5. febrúar.

Verð: 10.000.-

Staðfesta þarf skráningu með því að millifæra 3000.- kr (óafturkræft) á eftirfarandi reikning: 1103-26-4237 - kt. 411204-3590.

Námskeiðið er í lista yfir farandnámskeið, en slík námskeið má óska eftir að fá með stuttum fyrirvara ef næg þátttaka er fyrir hendi.

Hafa þarf þá samband við endurmenntunarstjóra Lbhl: endurmenntun@lbhl.is eða í síma: 433 5033.

Betri beit - meiri mjólk - bólgnað buddur!

Nokkrar þumalputtareglur við skipulag beitar fyrir mjólkurkúr frá vori til hausts.

Með aukinni bústærð og kröfum um meiri mjólkurframleiðslu yfir sumarmánuðina hafa augu bænda beinst í ríkari mæli en áður að nýtingu ræktaðs lands til beitar. Vitað er að góð beit getur skilað miklum afurðum og góðri kúaeilsu með lágmarks tilkostnaði. En til þess þarf fyrirhyggju, gott skipulag og grunnþekkingu á þörfum kúnna og hegðun beitargróðursins og gæðum. Leiðir að settu marki eru margar en þær eru misárangursríkar eða miskostnaðarsamar.

Námskeiðið er ætlað kúabændum sem vilja kynna sér nýja strauma í beitarfræðum mjólkurkúa. Hámarksfjöldi þátttakenda er 12. Sérstök áhersla verður lögð á skiplag beitar og fjallað verður um beitarferfi (stöðug beit, hólfabeit, randabeit) með hliðsjón af þeim túngrösum og grænafóðurtegundum sem eru ræktaðar (vallarfoxgras, vallarrýgresi, blönduð tún, vetrarrepja, einært rýgresi). Fyrri hluti námskeiðsins verður á fyrirlestrarformi en í seinni hlutanum eiga þátttakendur að vinna að eigin beitaráætlun með aðstoð tunkorta og töflureikna.

Umsjón og kennsla: Þóroddur Sveinsson, sérfræðingur Lbhl

Tími: Þri. 6. mars kl. 10:30-16:00 (6,5 kennslustundir), Þingborg á Suðurlandi.

Verð: 12.500.-

Skráningarfrestur er til 26. febrúar.

Staðfesta þarf skráningu með því að millifæra 4500.- kr (óafturkræft) á eftirfarandi reikning: 1103-26-4237 - kt. 411204-3590.

Námskeiðið er í lista yfir farandnámskeið, en slík námskeið má óska eftir að fá með stuttum fyrirvara ef næg þátttaka er fyrir hendi.

Hafa þarf þá samband við endurmenntunarstjóra Lbhl: endurmenntun@lbhl.is eða í síma: 433 5033.

Önnur farandnámskeið á vegum Endurmenntunardeildar Lbhl eru eftirtalin:

Námskeiðin hér á neðan eru sérsniðin fyrir minni sem stærri hópa viðs vegar um landið. Hægt er að senda vel flest námskeiðin hvert á land sem er með stuttum fyrir vara. Allar nánari upplýsingar um námskeiðin veitir Ásdís Helga Bjarnadóttir, netfang: endurmenntun@lbhl.is eða í gegnum síma 433-5033.

Járningar og hófhirðing

Námskeiðið er einkum ætlað bændum, hrossaræktendum og áhugamönnum.

Fjallað verður um undirstöðuatriði við hófhirðingu og járnungu hesta. Kennd verður hófhirðing, tálgun og járnungar. Rætt verður um áhrif járnungar á hreyfigetu hestsins og fjallað um gerð hófsins og hlutverk. Námskeiðið er að mestu verkleg kennsla og koma þátttakendur því með eigin járnungaáhöld. Einnig er boðið upp á að þátttakendur komu með eigin hesta.

Kennsla: Sigurður Oddur Ragnarsson járnungameistari og bóndi.

Tími: 2 dagar (19,5 kennslustundir)

Verð: 22.900 kr per þátttakanda

Rúningur I - grunnnámskeið

Námskeiðið er ætlað fólki með litla reynslu af vélrúningi. Hámarks fjöldi þátttakenda er 8.

Kennd verða og sýnd grunnatriði við vélrúning á sauðfé.

Námskeiðið er að mestu á formi verklegrar kennslu. Lögð verður áhersla á góða líkamsbeitingu, rétt handbrögð og frágang.

Umsjón og kennsla: Guðmundur Hallgrímsson staðarráðsmaður á Hvanneyri.

Tími: 2 daga námskeið (22,5 kennslustundir).

Verð: 22.900 kr. per þátttakanda.

Rúningur II - framhaldsnámskeið

Námskeiðið er ætlað fólki með nokkra reynslu af vélrúningi og öllum þeim sem meðhöndla ull. Hámarks fjöldi þátttakenda er 8.

Námskeiðið er alfarið á formi verklegrar kennslu þar sem rúningur er sýndur og kenndur og þátttakendur taka virkan þátt í rúningi.

Umsjón og kennsla: Guðmundur Hallgrímsson staðarráðsmaður á Hvanneyri.

Tími: 1 dagur (10,5 kennslustundir).

Verð: 16.600 kr. per þátttakanda

Jarðrækt og plægingar

Námskeiðið er einkum ætlað þeim sem vinna við jarðrækt hverskonar. Hámarksfjöldi þátttakenda í verklega hlutanum er 12, því gæti þurft að skipta hópnum á fleiri en einn dag í verklegu kennslunni.

Fjallað verður um jarðrækt með sérstakri áherslu á plægingar sem og endurvinnslu túna, framræslu, grófvinnslu og sáningu.

Kennsla er bæði bókleg og verkleg. Æskilegt er að þátttakendur vinni með eigin plóg og dráttarvél seinni dag námskeiðsins.

Umsjón og kennsla: Grétar Einarsson bútnámskeiðingur hjá Landbúnaðarháskóla Íslands og Ríkharr Brynjólfsson prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands.

Tími: 2 dagar (22,5 kennslustundir).

Verð: 29.900 kr. per þátttakanda.

Rafgirðingar

Námskeiðið er öllum opið en hámarksfjöldi þátttakenda er 12.

Þátttakendur munu fá fræðilega og verklega þjálfun í uppsetningu rafgirðinga. Fjallað verður um undirbúning framkvæmda og efni til rafgirðinga, gerðir spennugjafa, tengingar við jarðskaut, vinnu við uppsetningu og frágang og gerð grein fyrir kostnaðaráætlun.

Réttu formúlurnar tryggja bestu útkomuna

Við bjóðum nú nýjan áburð fyrir íslenskar aðstæður. Formúlurnar eru þó lítt breyttar. Sem fyrr er vatnsleysanleiki mikill, en jafnari kornastærð sem tryggir betri dreifinu, og meiri harka í kornum sem lágmarkar rykmyndun gera nýja áburðinn að betri kosti en áður.

Verðið á áburðinum verður að teljast hagstætt og við vekjum sérstaka athygli á vaxtalausum kjörum fram til 15. maí. Auk þess munum við bjóða þeim sem þess óska fast verð í heimflutning ef pantað verður fyrir 1. maí.

Við hvetjum viðskiptavinum okkar til að reikna dæmið til enda. Þegar upp verður staðið trúum við því að þeir sjái í hendi sér að Áburðarverksmiðjan býður góða vöru á góðu verði.

Miðað við að greitt sé fyrir 15.maí 2007 (vaxtalaust).					
Öll verð eru án vsk. m.v. tonn	Staðgreiðsluverð með 15% pöntunarafslætti	15% pöntunarafsl. ef pantað er fyrir 15. janúar	10% pöntunarafsl. ef pantað er fyrir 31.mars	5% pöntunarafsl. ef pantað er fyrir 30. apríl	Verðskrá, gildir ef pantað er eftir 1. maí 2007
Áburður í 600kg sekkjum:					
Magni 1 N-27	24.952	26.265	27.810	29.355	30.900
Græðir 1 12-15-17	34.319	36.125	38.250	40.375	42.500
Græðir 2 Se 650 kg. 20-11,4-8,4	29.874	31.447	33.296	35.146	36.996
Fjölmóði 1 26-14	26.509	27.905	29.546	31.188	32.829
Fjölmóði 3 26-7	25.554	26.899	28.481	30.064	31.646
Fjölgræðir 5 16-15-12	27.190	28.621	30.305	31.988	33.672
Fjölgræðir 6 20-10-10	26.279	27.662	29.290	30.917	32.544
Fjölgræðir 7 20-12-8	27.162	28.592	30.273	31.955	33.637
Fjölgræðir 8 20-8-13	26.084	27.457	29.072	30.687	32.302
Fjölgræðir 9 24-9-8	24.982	26.297	27.843	29.390	30.937
MAP NP 11-52	37.145	39.100	41.400	43.700	46.000
Áburður í 40 kg. pokum:					
Blákorn 12-15-17	36.338	38.250	40.500	42.750	45.000
Græðir 6 20-10-10	31.210	32.853	34.785	36.718	38.650
Móði 1 26-14	32.219	33.915	35.910	37.905	39.900

Betri áburður fyrir íslenskar aðstæður

Hár vatnsleysanleiki fosfórs
Jafnari kornastærð – betri dreifing
Meiri harka í kornum – minna ryk

Unnið eftir nýju gæðakerfi

Virkara eftirlit í framleiðslu
Valin hráefni, umsjón heim á hlaðu á góðu verði.

Áburðarpantanir:

www.aburdur.is
Sölumenn í héraði
Þjónustumiðstöðvar okkar í
verslunum Fóðurblöndunna:
FB á Selfossi, Hvolsvelli og Egilsstöðum

**BESTU KJÖRIN
EF PANTAÐ ER
FYRIR 15. JANÚAR**

Reiknaðu dæmið til enda!

Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.



Áburðarverksmiðjan

Umsjón og kennsla: Grétar Einarsson bútækniþræðingur hjá Landbúnaðarháskóla Íslands.

Tími: 1 dagur (10,5 kennslustundir).

Verð: 16.600kr. per þátttakanda.

Málmsuða - grunnnámskeið

Námskeiðið er ætlað öllum þeim sem hafa litla eða enga reynslu af málmsuðu. Hámarks fjöldi þátttakenda er 7. Fjallað er um notagildi raf- og logsuðutækja og þátttakendur fá þjálfun í notkun þeirra. Kennsla er að mestu verkleg í kennslu-aðstöðu á Hvanneyri. Einnig er leiðbeint um ýmsa þætti er varða notkun og meðferð efna til málmsuðu.

Umsjón og kennsla: Jóhannes Ellertsson vélvirki og kennari við Landbúnaðarháskóla Íslands.

Tími: 2 dagar (21 kennslustund).

Verð: 29.900 kr án efniskostnaðar per þátttakanda.

Konur og búvélur

Námskeiðið er eingöngu ætlað konum sem starfa við landbúnað. Hámarksfjöldi þátttakenda á námskeiðinu er 10. Námskeiðið er vettvangur fyrir konur í landbúnaði til að fá æfingu í að stjórna vélum af þekkingu og öryggi, vélum sem notaðar eru við landbúnað. Dráttavélin er kynnt og innviðir hennar svo sem afvél, orkunýting, drif, vökvabúnaður og tengingar, aðbúnaður ekkils og stöðuleiki. Námskeiðið byggist að mestu upp á verklegri kennslu og sýnikennslu þar sem konur eru á meðal kvenna og fá að æfa sig á tækin. Námskeiðið getur verið góður grunnur að réttindanámskeiði til að fara með stjórn vinnuvéla.

Umsjón og kennsla: Grétar Einarsson bútækniþræðingur hjá Landbúnaðarháskóla Íslands.

Tími: 2 dagar (19,5 kennslustundir).

Verð: 22.900 kr. per þátttakanda

Tamning fjárhunda

Námskeiðið er einkum ætlað þeim sem vilja læra undirstöðuatriði við tamningu fjárhunda. Hámarksfjöldi þátttakenda á hvert námskeið er 10 og lágmarksaldur hunda er 6 mánaða. Þátttakendur vinna með eigin hund á námskeiðinu. Kennsla er að mestu verkleg en að auki eru haldnir fyrirlestrar um notkun fjárhunda. Námskeiðið nýtist eigendum Landamæra-Collie (Border-Collie) hunda best en eigendur annarra hunda geta einnig haft gagn af námskeiðinu. Hundar sem koma á námskeiðið skulu vera bólusettir við smáveirusótt (smitsjúkdómur) og skal bólusetningin ekki vera eldri en 2 ára og ekki yngri en 10 daga. Hugsanleg smíthætta er á ábyrgð hundaeigenda. Hundar skulu einnig vera ormahreinsaðir og skal sú hreinsun ekki vera eldri en 12 mánaða.

Umsjón og kennsla: Gunnar Einarsson bóndi á Daðastöðum.

Tími: 2 dagar (22,5 kennslustundir).

Verð: 22.900 kr. per þátttakanda.

Aukin verðmæti sláturlamba

(farandsnámskeið- einungis í apríl 2007)

Möguleikar sauðfjárbænda á að hækka meðalverð á hvern dill felast einkum í auknum fallþunga, bættri flokkun sláturlamba og því að færa sér í nyt yfirborganir utan hefðbundins sláturtíma. Það er svo háð aðstöðum hve mikið þessir þættir vega í möguleikum til aukinnar verðmætasköpunar. Margt spilar þar inni, en frá ári til árs skipta sköpum ákvarðanir um burðar- og sláturtíma, og allt það er áhrif hefur á vaxtarhraða lambanna. Þessar ákvarðanir eru bæði vandasamar og mikilvægar, því þær hafa áhrif á bæði kostnað og tekjur.

Á námskeiðinu verður farið yfir helstu forsendur slíkra ákvarðana, og verður meðal annars stuðst við reiknilíkan sem þróað hefur verið til að aðstoða við slíka ákvarðanatöku. Farið verður yfir niðurstöður úr ýmsum tilraunum með bötun sláturlamba, bæði utan- og innandyrna, með tilliti slátrunar á mismunandi tímum. Reiknilíkanið sem notað verður til stuðnings tekur m.a. tillit til áhrifa fallþunga á flokkun dilka, áhrifa sláturtíma á verðlagningu þeirra og áhrifa burðar- og sláturtíma á kostnað við fóður og beit.

Umsjón og kennsla: Jóhannes Sveinbjörnsson, LbhÍ

Tími: 1 dagur (8 kennslustundir)

Verð: 14.000.-


Minna um aðilaskipti greiðslumarks í ár en í fyrra

Samkvæmt upplýsingum frá Bændasamtökum Íslands taka aðilaskipti á rösklega 600 hundruð þúsund lítrum greiðslumarks mjólkur gildi nú um áramótin. Alls hafa því um 2.350 þúsund lítrar verið fluttir milli lögbýla það sem af er verðlagsárinu og er meðalverð um 288 kr/ltr. Þetta er mun minna magn en hafði skipt um hendur á sama tíma á síðasta verðlagsári en þá höfðu aðilaskipti átt sér stað á rúmlega þremur milljónum lítra. Á síðasta verðlagsári gengu 4.848 þús. lítrar kaupum og sölum eða tæplega 350 þús. lítrum meira en verðlagsárið 2004/05.


Líkt og undanfarin ár er hreyfing á greiðslumarki tiltölulega lítil seinast á haustin en þegar líður á veturinn kemur á markaðinn greiðslumark þeirra sem sjá fram á að hætta eða draga saman framleiðslu og viðskiptin glæðast á ný.

Verð á greiðslumarki hefur verið mun lægra í ár en það var á sama tíma í fyrra þó það hafi aðeins sigið upp á við í síðustu viðskiptum. Segja má að lægra verð sé eðlilegt ef horft er til þess að beingreiðslur minnkuðu um 10% en sá stuðningur er nú greiddur sem gripagreiðslur. Þá var greiðslumarkið aukið um 5 milljónir lítra og beingreiðslur eru nú föst upphæð á ári sem þýðir að aukning í heildargreiðslumarki lækkar beingreiðslur á hvern lítra greiðslumarks. Þá hafa Samtök afurðastöðva lofað fullu afurðastöðvaverði fyrir allt að þremur milljónum lítra umfram greiðslumark. Einnig má ekki gleyma því að A-hluti beingreiðslna var lækkaður en B- og C-hluti aukinn en C-hluti er greiddur á alla innvegna mjólk, bæði innan og umfram greiðslumark. Þessu til viðbótar má nefna að í síðasta mjólkursamningi var samið um 1% raunlækkun beingreiðslna á ári til 2012. Allt þetta þýðir í raun lækkingu greiðslu á hvern lítra greiðslumarks.

Meðalverð síðustu 500 þús. ltr., kr/ltr.



Sala á greiðslumarki, ltr.





Óskum félagsmönnum, starfsfólki og öðrum landsmönnum
gleðilegra jóla og farsæls nýárs
með þökk fyrir gott samstarf og viðskipti á árinu.



Góður valkostur

Einkorna áburður frá **Kemira GrowHow**

Jókerinn

N 26

Eingildur N áburður með selen. Jókerinn hentar vel á tún og grænfóðurakra sem fá nægan búfjáráburð. Þessi áburður hentar líka mjög vel sem viðbótar áburðargjöf á milli slátta.

Verð kr. 25.678

Sexan

NPK 20-3-8

Þrígildur NPK áburður með selen. Sexan hentar vel á tún í góðri rækt þar sem enginn búfjáráburður er notaður. Góður valkostur sem uppfyllir að mestu meðal áburðarþörf.

Verð kr. 28.647

Ásinn

NP 26-6

Tvígildur NP áburður sem hentar vel á nýleg tún þar sem verið er að byggja upp fosfór en nægjanlegt kalí fæst með búfjáráburði. Ásinn hentar einnig vel til landgræðslu, á úthaga og beitartún.

Verð kr. 29.153

Sjöan

NPK 20-5-7

Þrígildur NPK áburður með selen. Sjöan hentar vel á nýleg tún þar sem verið er að byggja upp fosfór í jarðvegi sem þarf ekki mikið kalí. Góður valkostur þar sem verið er að taka gömul tún í ræktun aftur. Hentar einnig vel á bygg sem þarf mikið köfnunarefni til dæmis á sanda og melatún.

Verð kr. 29.101

Pristurinn

NP 26-3

Tvígildur NP áburður með selen. Pristurinn hentar vel á eldri tún þar sem kalíþörf er fullnægt með búfjáráburði en þörf er á auka skammti af fosfór.

Verð kr. 28.600

Nían

NPK 24-4-7

Þrígildur NPK áburður. Nían hentar fyrir tún í góðri rækt sem fengið hafa takmarkaðan búfjáráburð eða þar sem hugsanlegt er að kalí hafi farið forgörðum í búfjáráburði.

Verð kr. 28.512

Fimman

NPK 18-7-8

Þrígildur NPK áburður. Fimman er góður valkostur sem hentar á nýrækt, áburðarfrek tún, grænfóður og kornrækt.

Verð kr. 30.666

Garðáburður

NPK 12-5-14

Þrígildur NPK garðáburður sem hentar vel fyrir matjurtir og garðrækt. Áburðurinn er klórnsauður.

Verð kr. 33.387

*Uppgefið verð er háð sölugengi evru og miðast uppgengi verð við sölugengi evrunnar hjá Landsbanka Íslands 29. nóvember 2006 sem var skráð 90,48. Verð er án vsk.



Starfsfólk Betra lands óskar viðskiptavinum sínum og öðrum landsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.



Með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða.



Guðbjörg Jónsdóttir
Áburðarsali
GSM: 693-6864
gugga@betraland.is



Ingi Már Björnsson
Áburðarsali
GSM: 894-9422
ingi.mar@betraland.is



Sigríður Eiríksdóttir
Áburðarsali
GSM: 863-4339
sigga@betraland.is



Sigurður Jónsson
Áburðarsali
GSM: 893-4339
siggi@betraland.is



Valgeir Anton Þórisson
Áburðarsali
GSM: 863-4010
v.anton@betraland.is



Þorsteinn Snædal
Áburðarsali
Sími: 471-2465
steini@betraland.is